

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 55 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 8. júlí 2020 kl. 17:00

í fundarsal Hótelss Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarssdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórssdóttir, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Guðlaugur Friðþórsson sat fund gegnum síma. Aníta Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. **Verkfall undirmanna í Sjómannafélagi Íslands –staðan.**

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir fund sem þeir áttu með Jónasi Garðarssyni, fulltrúa Sjómannafélags Íslands, kl.11: í dag.

Niðurstaða: Stjórn Herjólfss ohf. hefur tekið til umfjöllunar kröfugerð SÍ sem lögð var fram á fundi fyrr um daginn. Það er mat stjórnar að kröfugerðin sé óaðgengileg og er henni hafnað.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að boða fulltrúa SÍ til fundar þar sem félagsmönnum SÍ verður boðinn sambærilegur kjarasamningur og samþykktur hefur verið af Sjómannafélaginu Jötni. Jafnframt óskar stjórnin eftir því að fulltrúi SÍ bjóði félagsmönnum SÍ, sem starfa á Herjólf, samninginn formlega til yfirlestrar og á til samþykktar eða synjunar.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:00

Næsti stjórnarfundur ekki ákveðinn en fundarboðun gæti orðið með stuttum fyrirvara.

Fundargerð ritaði Agnes Einarssdóttir.